

Sveinspróf í bifvélavirkjun

Próftakar eru minntir á að taka með sér viðeigandi vinnufatnað og öryggisskó í prófið. Notkun farsíma er bönnuð á prófstað að viðlögðum brottrekstri.

Eftirfarandi eru upplýsingar og leiðbeiningar fyrir próftaka sem ætla að gangast undir sveinspróf í bifvélavirkjun. Þessu bréfi er ætlað að auðvelda próftökum undirbúning og einnig til að þeir hafi lágmarks upplýsingar um prófið, framkvæmd þess og til hvers er ætlast af próftaka við úrlausn verkefna. Stutt lýsing á verklegum þáttum er einungis til að leiðbeina og er alls ekki tæmandi.

1. Próftakar eru prófaðir úr fjórum prófþáttum af fimm (sjá nánar í prófþáttalýsingu á www.idan.is undir sveinspróf og bílgreinar).
2. Próftaki fær ákveðinn tíma til að leysa hvert verkefni. Prófdómari skráir tíma við upphaf og lok verks. Undantekningalaust verður próftaki að hætta vinnu við verkefni um leið og gefinn verktími er liðinn. Athugið að rúmur tími er ætlaður til úrlausna.
3. Ekki er ætlast til að próftakar komi sjálfir með verkfæri.
4. Próftakar fá að vita áður en þeir fara af prófstað hvort þeir hafa náð prófi eða ekki. Ekki verður um nákvæma einkunn að ræða þar sem útreikningur hefur ekki farið fram.